

AUGLÝSING

um friðlýsingu Geysissvæðisins í Haukadal.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur í samræmi við náttúruverndaráætlun 2004-2008 og í kjölfar þriggja mánaða opins umsagnarferlis, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, ákveðið að friðlýsa hluta lands jarðarinnar Lauga í Biskupstungum, þ.m.t. Geysissvæðið, sem náttúruvætti í samræmi við 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Geysissvæðið er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar. Fjölmargir hverir og laugar eru á svæðinu og eru goshverirnir Geysir og Strokkur þeirra þekktastir. Á svæðinu er einnig hverahrúður á stóru samfelldu svæði. Örnefnið Geysir hefur gefið goshverum nafn á erlendum tungumálum auk þess sem hverahrúður er oft kallað „geyserite“ á erlendum tungumálum. Upp af hverasvæðinu rís Laugarfell (187 m) sem er innskot úr líparíti þar sem ýmsar jarðmyndanir er að finna. Á verndarsvæðinu er að finna plöntutegundina laugadeplu sem skráð hefur verið á valista sem tegund í nokkurri hættu.

Innan verndarsvæðisins eru menningarmínjar sem vitna um mannvistir fyrir á tímum. Þar eru meðal annars konungssteinar sem eru mínjar um heimsóknir þriggja konunga danska ríkisins til Íslands.

Við ákvörðun um friðlýsingu var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C nr. 17/1993 og samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992), sbr. Stjórnartíðindi C nr. 11/1995.

Hið friðlýsta svæði er 1,2 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingar svæðisins sem náttúruvættis er að stuðla að varðveislu sérstæðra jarðmyndana, hvera, örvera og sérstæðs gróðurs á hverasvæðinu sem er einstakur á lands- og heimsmælikvarða. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að tryggja að svæðið nýtist til fræðslu og vísindarannsóknna en fræðslu- og vísindagildi svæðisins er hátt á lands- og alþjóðavísu.

Með friðlýsingunni er verndargildi svæðisins tryggt. Jafnframt að svæðið nýtist til útivistar og ferðaþjónustu til framtíðar og sé í stakk búið til að taka á móti þeim fjölda gesta sem sækja svæðið heim á ári hverju. Þá skal með friðlýsingu svæðisins stuðlað að því að náttúruferar sem raskað hefur verið verði endurheimt og það fært til fyrra horfs eins og unnt er.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk náttúruvættisins fylgja jarðamörkum jarðarinnar Lauga ofan þjóðvegur nr. 35 eins og þau eru sýnd á korti í viðauka I. Innan náttúruvættisins eru hverasvæðið sjálft og Laugafell. Mörk svæðisins afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

Innan náttúruvættisins eru skilgreind tvö svæði sem um gilda sérstakar reglur og eru skilgreind á korti í viðauka I, annars vegar skógræktarsvæði til útivistar og vöktunar (svæði I), og hins vegar tjaldsvæði (svæði II).

4. gr.

Umsjón.

Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með friðlýsta svæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013. Með stofnuninni starfar þriggja manna samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúi Umhverfisstofnunar og tveir fulltrúar Bláskógabyggðar. Fulltrúi Umhverfisstofnunar skal vera formaður nefndarinnar. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitarstjórna. Skal samstarfsnefndin funda minnst einu sinni á ári.

Hlutverk samstarfsnefndar er að fjalla um framkvæmdaáætlun fyrir friðlýsta svæðið, aðkoma að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar, þ.m.t. endurskoðun og breytingar, ásamt umfjöllun um önnur stefnumótandi mál er varða friðlýsta svæðið.

Dagleg umsjón og umhirða á svæðum I og II er í höndum leigutaka. Nánar skal fjalla um umsjón svæða I og II í stjórnunar- og verndaráætlun.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýsta svæðið í samstarfi við samstarfsnefnd og í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks, framandi lífverur, daglega umsjón leigutaka, nýtingu jarðhita, þ.m.t. brauðbakstur og stjórnun á afrennsli hvera.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, viðkomandi sveitarstjórn, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir verndarsvæðið er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

6. gr.

Verndun jarðminja.

Allt rask á jarðminjum er óheimilt, þ.m.t. hvers konar áletranir og rask á virkni og vatnsstöðu hverasvæðisins, rask á hverahrúðri, hverum, jarðvegi og steinum, nema að fengnu leyfi, sbr. 11. gr. Óheimilt er að brjóta og nema á brott hverahrúður, jarðveg og steina. Allar breytingar á jarðmyndunum eru óheimilar nema vegna verndarráðstafana á vegum Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að breyta vatnshæð eða vatnsflæði um svæðið eða skerða á annan hátt virkni eða náttúrufarsleg einkenni friðlýsta svæðisins að því undanskildu að heimilt er að nýta yfirborðsvatn, sbr. 11. gr. Umhverfisstofnun er heimilt að stjórna afrennsli hvera í verndarskygni að því gefnu að framkvæmdir hafi ekki áhrif á hveru verndarsvæðisins. Nánar skal fjallað um stjórnun afrennslis í stjórnunar- og verndaráætlun.

Til verndar hverahrúðri og mögulegri endurnýjun þess og af öryggisástæðum skulu allir gestir svæðisins fylgja merktum göngustígum innan hverasvæðisins.

Óheimilt er að bera sápu eða annað efni í hveru og laugar á verndarsvæðinu. Óheimilt er að elda eða sjóða matvæli í hveraleir, hverum og laugum að undanskildum brauðbakstri eins og hefð er fyrir á svæðinu. Nánar skal fjallað um brauðbakstur í stjórnunar- og verndaráætlun. Hvers konar losun og varp í hveru, laugar og afrennsli þeirra, s.s. á steinum, peningum og sápum er óheimil. Böð eru óheimil í hverum, laugum og í afrennsli þeirra á hverasvæðinu.

Þar sem meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstakar jarðminjar er umsjónaraðila heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að fjarlægja gróður sem hefur áhrif á ásýnd og yfirbragð hverasvæðisins.

7. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Vernda skal lífríki svæðisins, líffræðilega fjölbreytni þess og vistkerfi. Óheimilt er að skerða plöntur á nokkurn hátt innan náttúruvættisins, að undanskildum framandi tegundum og gróðri sem hefur áhrif á ásýnd og yfirbragð hverasvæðisins, sbr. 6. gr.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan náttúruvættisins, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Nánar skal fjallað um framandi lífverur og aðgerðir í tengslum við þær í stjórnunar- og verndaráætlun.

Óheimilt er að gróðursetja plöntur og nota áburð á svæðinu.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. eiga ekki við svæði I og II.

Óheimilt er að hafa áhrif á lífríki sem tengist hverum og öðrum heitum uppsprettum nema með leyfi skv. 10. og 11. gr.

8. gr.

Verndun menningarminja.

Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

9. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með gerð fræðsluefnis um náttúruvættið í því skyni að efla vitund almennings um mikilvægi verndunar svæðisins. Í fræðsluefni um svæðið skulu meðal annars koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda.

Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

10. gr.

Rannsóknir og vöktun.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á náttúruvættinu, sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Aðrar náttúrufarsrannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og rannsóknir á menningarminjum svæðisins sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskildar ákvæði þessu eru rannsóknir Skógræktarinnar á svæði I. Rannsóknir á hveraörverum eru auk þess háðar leyfi Orkustofnunar, sbr. 34. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar fyrir Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

11. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Jafnframt kunna framkvæmdir að vera háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Allar framkvæmdir skulu vera í samræmi við auglýsingu þessa, skipulag svæðisins og stjórnunar- og verndaráætlun.

Nauðsynlegar aðgerðir á vegum Umhverfisstofnunar til verndunar og til lagfæringa skemmda eru heimilar svo og nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, t.d. lagning stíga, hálkuvarnir, uppsetning fræðsluskilta og annars búnaðar í þágu útivistar þar sem því verður við komið. Heimilt er að sinna hefðbundnu viðhaldi innviða svæðisins.

Við hönnun mannvirkja á svæðinu skal lögð áhersla á að þau falli sem best að landslagi og umhverfi svæðisins.

Allar framkvæmdir sem haft geta í för með sér röskun og/eða eyðileggingu á hverasvæðinu eða virkni þess eru óheimilar.

Áfram er heimilt að nýta yfirborðsvatn af svæðinu til húshitunar, atvinnustarfsemi og annarra nota með þeim hætti sem verið hefur. Heimilt er að endurnýja og viðhalda lögnum sem nauðsynlegar eru til nýtingarinnar. Við allar framkvæmdir í tengslum við nýtingu orku svæðisins skal þess gætt að ekki verði spjöll á svæðinu. Allar framkvæmdir á svæðinu skulu tilkynntar fyrir fram til Umhverfisstofnunar sem veitir leiðbeiningar um frágang. Nánar skal fjalla um nýtingu jarðhita svæðisins í stjórnunar- og verndaráætlun.

Heimilt er að reka tjaldsvæði og hestaleigu á svæðinu í samræmi við lóðarleigusamning þar um.

Viðhald og þjónusta við vegi á svæðinu er heimil án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar svo fremi sem framkvæmdir hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins.

12. gr.

Umferð um verndarsvæðið.

Almenningi er heimil för um svæðið en skylt er að ganga vel um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda innan þess. Ávallt skal fylgja göngustígum þar sem þeir eru til staðar og á hverasvæðum ber að fylgja göngustígum í hvívetna.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. þó undanþágur 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Heimilt er að aka utan vega vegna framkvæmda í samræmi við 11. gr. og vegna verndaraðgerða og umsjónar svæðisins. Notkun rafskutlna og rafknúinna hjólastóla er heimil á merktum göngustígum. Óheimilt er að fara á reiðhjólum um göngustíga á svæðinu en heimilt er að leiða reiðhjól um svæðið.

Gæludýr skulu vera í taumi og undir tryggri stjórn innan svæðisins.

Næturgisting er óheimil innan verndarsvæðisins nema á merktu tjaldsvæði á svæði II.

Óheimilt er að lenda þylum og öðrum mönnuðum loftförum innan svæðisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt yfir svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið þessu banni eru leitar- og björgunaraðgerðir.

13. gr.

Umgengni um náttúruvættið.

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan náttúruvættisins á öðrum stöðum en í þar til gerðum merktum ílátum. Úrgangur skal flokkaður eins mikið og kostur er í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins.

Gestum svæðisins er skylt að hlíta fyrirmælum landvarða eða annarra starfsmanna hvað snertir umgengni og háttsemi innan náttúruvættisins.

14. gr.

Veði og notkun skotvopna.

Öll notkun skotvopna er bönnuð innan náttúruvættisins nema til veiða á framandi, ágengum tegundum í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Stefnt skal að útrýmingu minks. Veiðar á mink skulu stundaðar í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila til Umhverfisstofnunar.

15. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

16. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið hefur verið staðfest hefur Umhverfisstofnun heimild til að veita leyfi til framkvæmda gangi þær ekki gegn auglýsingu þessari og hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 17. júní 2020.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I
Mörk svæðisins og hnitaskrá.



 <p>UMHVERFIS STOFNUN http://www.usf.is</p>	<p>Geysir</p>	 Náttúruvætti	<p>Flatarmál: 1,2 km²</p>
		 Svæði I - Skógræktarsvæði	<p>Kortavörpun: Lambert keiluvörpun</p>
		 Svæði II - Tjaldstaði	<p>Hnitstæða: 15N93</p>
			<p>Kortagerð: Guðni Hannesson LMI</p>
			<p>Dags: 08.06.2020</p>
			<p>© Landmælingar Íslands</p>

Geysissvæðið – hnit.

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	437308	423975	43	436525	424166	85	437503	425410
2	437245	423949	44	436547	424213	86	437497	425421
3	437192	423915	45	436564	424234	87	437511	425438
4	437077	423786	46	436608	424243	88	437516	425461
5	437007	423732	47	436632	424318	89	437500	425468
6	436367	423400	48	436664	424362	90	437488	425508
7	436369	423417	49	436670	424387	91	437520	425533
8	436405	423428	50	436663	424403	92	437564	425605
9	436413	423450	51	436632	424417	93	437585	425619
10	436385	423481	52	436631	424432	94	437605	425649
11	436394	423507	53	436682	424458	95	438019	425276
12	436461	423519	54	436712	424457	96	438007	425234
13	436535	423518	55	436742	424476	97	437973	425186
14	436560	423526	56	436769	424520	98	437852	425139
15	436585	423551	57	436759	424556	99	437818	425133
16	436587	423584	58	436787	424554	100	437808	425122
17	436577	423595	59	436831	424598	101	437742	425103
18	436522	423608	60	436837	424634	102	437710	425083
19	436522	423624	61	436903	424707	103	437693	425056
20	436546	423655	62	436903	424719	104	437691	424958
21	436543	423672	63	436885	424741	105	437680	424928
22	436523	423696	64	436886	424769	106	437661	424905
23	436531	423748	65	436916	424795	107	437640	424900
24	436500	423786	66	436957	424853	108	437635	424886
25	436522	423812	67	436982	424858	109	437560	424840
26	436575	423832	68	436990	424913	110	437554	424790
27	436570	423851	69	437052	424967	111	437501	424651
28	436518	423879	70	437064	424992	112	437455	424608
29	436508	423903	71	437109	425046	113	437440	424577
30	436547	423940	72	437118	425067	114	437443	424478
31	436537	423983	73	437118	425120	115	437421	424368
32	436553	423997	74	437131	425136	116	437381	424309
33	436555	424025	75	437134	425171	117	437336	424267
34	436522	424070	76	437154	425185	118	437298	424195
35	436491	424055	77	437186	425192	119	437302	424176
36	436474	424055	78	437216	425218	120	437319	424169
37	436468	424066	79	437329	425220	121	437332	424137
38	436472	424081	80	437413	425269	122	437326	424118
39	436486	424094	81	437458	425323	123	437346	424052
40	436518	424097	82	437512	425330	124	437349	423986
41	436537	424108	83	437521	425351	125	437308	423975
42	436546	424131	84	437524	425399			

Svæði I – skógræktarsvæði – hnit.

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	437596	425200	47	437514	425529	93	437956	425178
2	437575	425264	48	437517	425533	94	437947	425173
3	437562	425304	49	437520	425533	95	437941	425170
4	437525	425346	50	437529	425545	96	437934	425168
5	437520	425348	51	437533	425553	97	437931	425168
6	437521	425357	52	437540	425563	98	437923	425167
7	437521	425363	53	437549	425572	99	437918	425165
8	437519	425369	54	437554	425583	100	437914	425163
9	437519	425376	55	437558	425594	101	437914	425163
10	437521	425383	56	437564	425605	102	437914	425163
11	437522	425387	57	437574	425609	103	437907	425162
12	437524	425394	58	437575	425610	104	437906	425160
13	437524	425399	59	437585	425619	105	437905	425157
14	437520	425404	60	437592	425628	106	437903	425156
15	437517	425406	61	437600	425638	107	437894	425157
16	437511	425409	62	437605	425649	108	437885	425155
17	437506	425409	63	437613	425642	109	437876	425150
18	437503	425410	64	437634	425623	110	437875	425149
19	437501	425412	65	437701	425563	111	437872	425147
20	437499	425416	66	437768	425503	112	437868	425146
21	437497	425421	67	437773	425498	113	437864	425144
22	437498	425426	68	437774	425497	114	437861	425143
23	437502	425432	69	437795	425478	115	437856	425143
24	437508	425434	70	437862	425418	116	437852	425139
25	437511	425438	71	437921	425364	117	437852	425139
26	437514	425444	72	437946	425342	118	437848	425138
27	437515	425449	73	438019	425276	119	437841	425138
28	437516	425457	74	438013	425255	120	437832	425136
29	437516	425461	75	438010	425242	121	437824	425135
30	437514	425464	76	438007	425234	122	437818	425133
31	437510	425466	77	438005	425232	123	437812	425126
32	437506	425466	78	438004	425232	124	437808	425122
33	437502	425467	79	438003	425230	125	437804	425122
34	437500	425468	80	438000	425228	126	437799	425122
35	437497	425474	81	437998	425224	127	437796	425119
36	437495	425479	82	437997	425222	128	437791	425116
37	437491	425484	83	437995	425218	129	437783	425113
38	437489	425491	84	437994	425218	130	437782	425113
39	437487	425495	85	437992	425214	131	437781	425113
40	437487	425501	86	437987	425204	132	437775	425111
41	437488	425508	87	437981	425196	133	437770	425111
42	437490	425512	88	437975	425188	134	437761	425109
43	437492	425515	89	437973	425186	135	437760	425109
44	437495	425519	90	437964	425181	136	437752	425103
45	437500	425523	91	437964	425181	137	437748	425103
46	437507	425525	92	437964	425181	138	437742	425103

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
139	437741	425101	145	437710	425083	151	437706	425073
140	437737	425099	146	437709	425080	152	437705	425073
141	437731	425097	147	437706	425077	153	437699	425081
142	437729	425095	148	437706	425076	154	437698	425081
143	437726	425092	149	437706	425075	155	437672	425111
144	437724	425089	150	437706	425074	156	437596	425200

Svæði II – tjaldsvæði – hnit.

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	436612	423538	9	436889	423811
2	436603	423555	10	436899	423785
3	436608	423597	11	436870	423717
4	436702	423628	12	436874	423694
5	436734	423664	13	436861	423678
6	436787	423805	14	436866	423668
7	436879	423888	15	436612	423538
8	436909	423866			

B-deild – Útgáfud.: 2. júlí 2020